

168 erfiðast eiga til lækniis að sækja. Lækniisvitjanastyrkur verður aðeins veittur, þegar
23. des. Árneshérað er lækniislaust eða lækniir er fjarverandi.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta, eftir því sem við verður komið, án þess að stofna því í hættu og þannig, að sá hluti þess, er verja ber til lækniisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, er til þess þarf að taka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 23. desember 1948.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Sigurgeir Jónsson.

169 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð um Soffíu Guðlaugs-
23. des. dóttur, leikkonu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra
23. desember 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Soffíu Guðlaugsdóttur, leikkonu.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af vinum og aðdáendum Soffíu Guðlaugsdóttur, leikkonu, með 5 þúsund króna framlagi. Afla skal sjóðnum tekna með tölu minningarspjalda og á annan hátt, er sjóðstjórnin tiltekur.

2. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10 þúsund kr. má verja vöxtum hans, samkvæmt 3. gr., árlega til þess að verðlauna bezta leik, karls eða konu, í Þjóðleikhúsinu í Reykjavík.

3. gr.

Verja má allt að $\frac{4}{5}$ af vöxtum sjóðsins til verðlauna, en $\frac{1}{5}$ skal leggjast við höfuðstól. Skal verðlaunum úthlutað ár hvert á afmælisdegi Soffíu Guðlaugsdóttur, 6. júní, fyrir næstliðið leikár.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar 5 manna nefnd. Fyrstu stjórn sjóðsins skipa: Vilhjálmur Þ. Gíslason, skólastjóri, formaður, prófessor, dr. Alexander Jóhannesson, frú Kristín Guðlaugsdóttir, Indriði Waage, leikari, og Guðlaugur Hjörleifsson, gjaldkeri.

Þegar einhver stjórnarmanna gengur úr stjórninni, skulu þeir, sem eftir eru, velja mann í hans stað. Stjórnin heldur gerðabók, er færa skal inn í skipulagsskrána, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í rikistryggðum skuldabréfum eða á annan þann hátt, er stjórnin telur öruggastan. Stjórn sjóðsins endurskoðar skipulagsskrá þessa, er 10 ár eru liðin frá því að verðlaun eru veitt í fyrsta sinn, og getur þá breytt ákvæðum 3. gr. um form og upphæð verðlaunanna, en ekki má breyta höfuðtilgangi sjóðsins samkvæmt 1. og 2. gr.

6. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskránni og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.